

# Frá sjálfsþurftasamfélagi til markaðsþjóðfélags: Mótun verkalýðsstéttar á Akureyri 1860–1940

Hermann Óskarsson  
*Háskólanum á Akureyri*

**Útdráttur:** Markmið þessarar greinar er að rannsaka myndun verkalýðsstéttar á Akureyri á tímabilinu 1860–1940 þegar kapitalískt samfélag var í mótun á Íslandi. Byggt er á manntölum og öðrum sögulegum heimildum og stuðst er við rannsóknarlíkan sem byggir á marxískri stéttakenningu. Niðurstöður leiða í ljós að um 1860 voru erlendir kaupmenn áberandi á Akureyri og samfélagið bar mörg einkenni sjálfsþurftasamfélags. Frá síðari hluta 19. aldar tók bærinn á sig skýrari mynd kapitalísks stéttasamfélags. Grundvallarbreyting varð á innri gerð *verkalýðsstéttarinnar* á umræddu tímabili með mikilli fjölgun verkafólks í iðnaði og sjávarútvegi sem ráðið var sem launafólk af atvinnurekendum. Fækkaði þá sjálfstæðu handverksfólki og húshjálp. Slík þróun er nefnd öreigaþróun, en hún hófst síðar og var meira áberandi meðal kvenna. Lýðveldistíminn á Akureyri hófst með áberandi stéttaskiptingu, þ.e. félagslegri mismunun stétta og kynja.

*Lykilorð:* Stéttaskipting ■ kyn ■ verkalýðsstétt  
sjálfsþurftasamfélag ■ markaðssamfélag

**Abstract:** The aim of this paper is to study the emergence of a working class in Akureyri in the period 1860–1940, when capitalist society was evolving in Icelandic society. The research is based on censuses and historical data and uses a research model based on the Marxist theory of social class. The main findings indicate that about 1860 foreign merchants were prominent in the population of Akureyri and the town had the character of a self-subsistence community. From the latter part of the 19th century the community began to show increasing signs of a class-divided capitalist system. A radical change in the composition of the working class occurred during this period with a steady increase of labourers in industry and fishing. At the same time the number of independent artisans and domestic service personnel declined. The proletarianization of the genders occurred later and happened at a slower rate among women. At the foundation of the Icelandic republic in 1944, Akureyri had all the characteristics of a prominent class division, where the different classes, and especially the genders, were seen as socially distinct.

*Keywords:* class distinction ■ gender ■ working class  
self-subsistent community ■ market society

## Inngangur

Á tímabilinu frá 1860 til 1940 urðu straumhvörf í íslensku samfélagi. Samfélag bænda sem höfðu búið við sjálfsþurftahagkerfi vék fyrir kapítalísku markaðssamfélagi með tilheyrandi breyttum félagslegum samskiptum, einstaklinga og hópa, á flestum sviðum þjóðlífsins. Ný stéttaskipting kom til sögunnar sem er umfjöllunarefni þessarar greinar. Umskiptin urðu samfara nýjum atvinnuháttum, aukinni þéttbýlismyndun, baráttu fyrir borgaralegum réttindum og sjálfstæði Íslendinga í samfélagi þjóðanna. Síðast en ekki síst einkenndust umskiptin af átökum ólíkra þjóðfélagshópa, þar á meðal stétta, um völd og áhrif í nýju samfélagi. Í því samhengi er m.a. baráttu íslenskra kvenna fyrir þegnrétti áberandi á síðari helmingi umrædds tímabils (Þorgerður Einarsdóttir, 2010).

Fáar félagsfræðilegar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á stéttaskiptingu og samskiptum stétta þrátt fyrir að efnið hafi verið hugleikið brautryðjendum félagsfræðinnar (Guðmundur Ævar Oddsson, 2010; Hermann Óskarsson, 1996). Talað er um „stéttafælni“ í þessu sambandi, en spurningin er hvort ekki megi einnig halda því fram að skort hafi „stéttahljómgrunn“ í íslenska fræðasamfélaginu fram til þessa?

Rannsóknarmarkmið þessarar greinar er tvíþætt. Annars vegar er markmiðið að rannsaka áður nefnd umskipti með tilliti til nýrrar stéttaskiptingar á Íslandi með áherslu á myndun verkalýðsstéttar á Akureyri sem rannsóknardæmi. Í öðru lagi er ætlunin að skoða hlut kynjanna í þessari félagslegu þróun út frá atvinnuþátttöku. Rannsóknarspurningarnar eru því tvær, þ.e. hvernig var þróun verkalýðsstéttar háttað á Akureyri frá 1860 til 1940 og hvaða áhrif hafði þróunin með tilliti til kynjanna?

Greinin hefst á kynningu á ólíkum nálgunum við stéttarannsóknir og umræðu um hugtakið stétt (e. *class*). Rannsóknarlíkan Görans Therborn er sérstaklega kynnt en rannsóknin byggir á hugmyndum hans varðandi sögulega þróun stéttaskiptingar. Ávinningurinn af notkun líkansins felst í að það gerir mögulegt að skoða rannsóknarefnið frá fleiri hliðum en önnur sjónarmið (sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996). Þá er gögnum og rannsóknaraðferð lýst og vikið að myndun nútíma stéttaskiptingar á Íslandi. Því næst hefst umfjöllun um myndun verkalýðsstéttar á Akureyri á tímabilinu 1860–1940 með áherslu á hlut kynjanna í þeirri þróun. Í niðurlagi eru helstu niðurstöður dregnar saman og rannsóknarspurningum svarað. Þar er einnig bent á hvaða lærdóm megi draga af niðurstöðunum.

## Stéttarannsóknir – ólíkar vísindalegar nálganir

### Gagnrýnin umfjöllun um stéttahugtakið

Fræðilega umræðan um stéttahugtakið var gagnrýnin og átakakennd allt fram undir lok síðustu aldar. Fjallað var ítrekað um tiltekin meginatriði eins og upplausn markalína milli stétta, vaxandi lagskiptingu og minnkandi þýðingu starfsins með tilliti til einstaklingsins þar sem t.d. eignarhald fjármagns hefur breyst (Dahrendorf, 1959; Ossowski, 1963; Lockwood, 1964; Bottomore, 1965, 1985). Einnig beindist gagnrýnin að skilgreiningu mismunandi stétta (Thompson, 1963; Therborn, 1983a; Goldthorpe, 1987). Í stað þess að skilgreina stéttir einungis með tilliti til framleiðslunnar var stéttaskiptingin nú einnig skilgreind með tilvísun til viðskipta, þ.e. að um væri að ræða mismunandi verðmæti sem setja mátti á markað, t.d. menntun og þjálfun, hreyfanleika, og eftirspurn eftir vinnuafli (Weber, [1968] 1978; Lockwood, [1958] 1989; Giddens, 1971, 1973; Beetham, 1974; Binns, 1977; Calvert, 1982).

Greinendur ræddu einnig hlutverk ríkisins sem kerfis félagslegrar lagskiptingar (Esping-Andersen, 1991, 1993). Engu að síður ríkti samkomulag um að nauðsynlegt væri að skilgreina stéttir þjóðfélagsins með tilvísun til kringumstæðna vinnunnar, en nokkur áherslubreyting varð í þessum efnum, jafnvel meðal Marxista, þ.e. minna var horft til skipulagsþátta eins og eignarhalds og valda og meiri áhersla lögð á einstaklingsbundna þætti, eins og til dæmis menntun (Ahrne o.fl., 1987; Wright, 1979, 1997). Almennari umfjöllun um stéttahugtakið er að finna í Crompton (1998).

### Samskipti stétta

Fylgjendur Karls Marx reyndu að vinna áfram með framlag hans og þróa nokkra þætti sem tengjast samskiptum mismunandi þjóðfélagsstétta. Nokkur þeirra rannsóknarlíkana sem kynnt voru til sögunnar áttu það sameiginlegt að sjá það sem frumskilyrði að samfélög þróist frá einni framleiðsluáðferð til annarrar, t.d. frá lénsskipulagi, gegnum kapítalisma til sósíalisma, vegna grundvallar andstæðna framleiðsluaflla. Sumir marxískir greinendur sneru baki við þessari þróunarkenningu Marx og kynntu til sögunnar svonefnda „einfalda sýn á andstæður“, þ.e. andstæðar fylkingar fjármagnseigenda og verkafólks í kapítalísku þjóðfélagi (Becker, 1974a, 1974b; Cutler o.fl., 1977). Aðrir gengu út frá tvískiptingum eins og framleiðin vinna (e. *productive work*), þ.e. vinna sem skapar gildisauka (e. *surplus value*), og óframleiðin vinna (e. *non-productive work*), þ.e. vinna sem skapar ekki gildisauka, til að útskýra samskipti stétta (Nicolaus, 1967; Urry, 1973; Lash og Urry, 1988; Poulantzas, [ 1968 ] 1973). Einnig skiptingunni í vitsmunalega vinnu (e. *intellectual work*), annars vegar, og líkamlega vinnu (e. *manual work*) hins vegar (Andersen, 1979). Enn aðrir gripu til hugtaka eins og menntamanna og stjórnendastéttin (e. *professional-administrative class*) til að lýsa launþegum sem flokkast ekki til verkalýðsstéttar né tilheyra nýrri millistétt eða borgarastéttunum (Ehrenreich og Ehrenreich, 1979). Og Erik Olin Wright þróaði áhrifamikla kenningu sína um mótsagna-kennda stéttarstöðu (e. *contradictory class location*) fólks sem vegna starfsstöðu sinnar flokkast til fleiri en einnar stéttar samtímis (Carchedi, 1977, 1983; Wright, 1976, [ 1978 ], 1979, 1980a, 1980b, 1985, 1993; Wright and Singelmann, 1982; Wright and Martin, 1987). Tvö meginviðhorf voru ríkjandi í kenningum varðandi hlutverk ríkisins í mótun samskipta mismunandi stétta (Esping-Andersen, 1991). Annað viðhorfið gekk út á að velferðarþjóðfélagið gerði ekkert annað en að endurskapa núverandi stéttarþjóðfélag (Offe, 1972; O'Connor, 1973; Muller og Neussuss, 1975). Hitt sá umbætur á sviði velferðar sem mikilvægt framlag til að draga úr áhrifum stéttasamfélagsins (Lipset, 1960; Crosland, 1967; Parkin, 1979). Göran Therborn (1972, 1981) tók þátt í fræðilegu umræðunni um stéttir og þróaði rannsóknarlíkan sem hann síðan notaði við rannsókn á sænska stéttasamfélaginu. Líkanið er kynnt nánar hér á eftir.

### Stéttalíkan Therborns

Therborn setti fram líkan til rannsóknar á stéttum í tveimur áföngum, fyrst um 1970 og síðar um 1980. Hann byggði þróun þess á umræðu sjöunda áratugarins og vann jafnframt að stéttarannsóknnum í Svíþjóð (Therborn, 1971, 1972, 1976, 1978, 1981, 1983a, 1983b, 1986). Í rannsókninni hér á eftir á þróun kynjaskiptrar verkalýðsstéttar á Akureyri var stuðst við þetta líkan.

Therborn komst að þeirri niðurstöðu að þau sjónarmið sem byggjast á tvíhyggjunni um framleiðna vinnu og óframleiðna vinnu, ásamt með vitsmunalegri vinnu andspænis líkamlegri vinnu einfaldi sambandið milli vinnu og fjármagns með því að flokka launavinnu einvörðungu með tilliti til svokallaðs *gildisauka*, sem skilgreindur er með tilliti til framleiðslu (e. *production*) (sjá töflu 7). Með líkani sínu leitast Therborn við að leysa þetta vandamál með því að greina á milli helstu atvinnusviða samfélagsins, þar sem framleiðsla er aðeins eitt af fjórum meginatvinnusviðum samfélagsins. Hin þrjú eru dreifing, þjónusta og endurnýjun. Framleiðslusviðið felur í sér meðhöndlun framleiðsluvara, uppfinningu þeirra, hönnun, framleiðslu, geymslu og flutning, ásamt með stjórnun og yfirráðum yfir þessari vinnu. Dreifingarsviðið felur einungis í sér umsjón með og miðlun eignar- og notkunarréttar, þ.e. þá athöfn að kaupa og selja. Þjónustusviðið snýst t.d. um að þjóna öðru fólki til að auka vellíðan þess, þægindi eða tómstundagaman með þjónustustörfum, hreingerningum, hárgreiðslu, flutningi fólks og skemmtanaiðnaði. Endurnýjunarsviðið hefur að geyma öll þau störf sem snúast um að viðhalda mannlífi og skapa nýtt, svo og grunn félagslegra samskipta, eins og nauðsynlega matargerð, uppeldi barna, menntun, umsjá og umhyggju, löggæslustörf (að halda uppi lögum og rétti) og almenna stjórnun.

Líkanið gerir sömuleiðis greinarmun á einka- og opinberri þjónustu og skilur á milli fjármagnslegrar (kapítalískrar), einstaklingsbundinnar og opinberrar endurnýjunar. Með þeim hætti tekur líkanið m.a. mið af hlutverki velferðarríkisins í félagslegri lagskiptingu (Esping-Andersen, 1991). Hlutverk velferðarríkisins er skilgreint sem þjónusta við samfélagsþegnana andstætt markmiði fjármagnsins sem eingöngu snýst um arð (Therborn, 1981, 1983c). Andstætt tvíhyggjunni um framleiðna og óframleiðna vinnu og hugmyndinni um stétt menntamanna og stjórnenda, gerir líkan Therborns ráð fyrir að hóparnir sem staddir eru mitt í togstreitunni milli fjármagns og launavinnu öreiganna, séu ekki í sjálfu sér þjóðfélagsstéttir heldur myndi þeir eins konar miðlæga lagskiptingu, þ.e. svokallaða *millihópa* (e. *middle layers* eða *strata*). Það er erfiðleikum bundið að líta á slíka lagskiptingu sem þjóðfélagsstétt eins og hin ólíku fræðilegu sjónarmið varðandi stéttir staðfesta.

Stéttalíkan Wrights, sem gerir ráð fyrir mótsagnakenndri stéttarstöðu tiltekinna launþega eins og framkvæmdastjóra og forstöðumanna fyrirtækja, var þróað með því að greina nútíma þjóðfélagsstéttir (sjá Hermann Óskarsson, 1996). Aðferðafræðileg nálgun þess byggir á notkun spurningalista. Sama má segja um hið Weberíska stéttalíkan Goldthorpe. Bæði þessi líkön beina athygli sinni að samtímanum með því að staðsetja „stéttamynstrið“ (stéttgerðina) innan atvinnuskipaninnar og reiða sig á notkun spurningalista (Crompton, 1998). Stéttalíkan Therborns er á hinn bóginn þróað með tilliti til þess að nýta megi jöfnum höndum samtímagögn og manntalsupplýsingar og sögulegar heimildir sem verður til þess að það hentar vel þeim gögnum sem notuð eru í þessari rannsókn. Hugmynd Wrights um mótsagnakennda stéttarstöðu hinna miðlægu laga samfélagsins samræmist líkani Therborns sem kemst auk þess framhjá ýmsum vandamálum með því að kynna til sögunnar hinn samsetta þjóðfélagshóp „sérhópar“ (e. *special categories*) sem er skilgreindur með tilliti til ríkisvaldsins og hlutverks þess í þjónustu við íbúana og endurnýjun samfélagsins. Í líkani Therborns samanstanda þessir hópar af launafólki sem tengist ráðandi stétt án þess þó að tilheyra henni. Þeir bera með sér einkenni stofnananna sem þeir tilheyra, en ólíkt því sem er um millihópana (sbr. kenningu Wrights) eru þeir ekki í mótsagnakenndri stéttarstöðu með tilliti til meginstéttanna tveggja í kapítalísku samfélagi, þ.e. fjármagnseigenda og verkafólks. Í meginatriðum tilheyra þessum

samsetta hópi (sbr. Therborn) háttsettir embættismenn ríkis og sveitarfélaga, þeir sem vinna innan réttarkerfisins og lögreglunnar og yfirmenn skóla og kirkju. Þessir einstaklingar hafa með höndum verkefni sem miða að endurnýjun samfélagsins (sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996).

Líkani Therborns er ætlað að útskýra samskipti stétta, eins og áður sagði. Með því að greina hvernig verkafólk deilist á atvinnusvið og með tilliti til launafyrirkomulags er unnt að varpa ljósi á þessi samskipti þar sem ráðningarformið hefur félagslega og pólitíska merkingu engu síður en fjárhagslega þýðingu. Þessi skipting er mikilvæg við staðsetningu þungamiðju fjármagnsins og kjarna verkalýðstéttarinnar innan hagkerfisins.

Líkan Therborns skilgreinir þrjár meginstéttir í kapítalísku samfélagi: *verkalýðsstéttina*, *smáborgarana* (smáatvinnurekendur) og svo *borgarastéttina* eða *fjármagnseigendur* (umfangsmiklir atvinnurekendur). Þessu til viðbótar er um að ræða tvö mismunandi félagsleg lög eða þjóðfélagshópa sem ekki teljast í sjálfu sér þjóðfélagsstéttir, en tengjast meginstéttum samfélagsins, þ.e. *millihópana* og *sérhópana*.

Samkvæmt kenningunni eru smáborgararnir (smáatvinnurekendurnir) dæmi um sérstakt form félagsskipulags þar sem smáar framleiðslueiningar tengjast vinnuaflí fjölskyldunnar og eru í hennar eigu. Eigendur smáverzlana og sjálfstætt starfandi handverksmenn eru hinar dæmigerðu frumgerðir. Til borgarastéttarinnar teljast eigendur framleiðslutækja (e. *means of production*) sem hafa fimm starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni. Í grundvallaratriðum tilheyra þessari stétt byggingameistarar, skipaeigendur, stórkaupmenn, heildsalar, eigendur lyfjaverzlana, bankastjórar, eigendur hótela og veitingastaða og forstjórar framleiðslu- og verslunarfyrirtækja.

Líkanið er þróað – og hefur verið notað – í þeim tilgangi að greina upplýsingar úr manntölum. Þessi rannsókn snýst fyrst og fremst um *verkalýðsstéttina*, en hún er afmörkuð með tvennum hætti: í þröngum og víðtækum skilningi. Verkalýðsstétt í þröngri merkingu samanstendur af því starfsfólki kapítalískra framleiðslufyrirtækja sem starfar einvörðungu að framleiðslunni og hefur ekki nein stjórnunarleg áhrif eða völd innan fyrirtækjanna. Í tímans rás hefur verkalýðsstéttin komið fram og þróast vegna breyttra vinnuskilyrða og nýrra félagslegra aðstæðna verkafólks. Þessi breyting lýsir sér sem *öreigaferli* (e. *proletarianization process*) þar sem vaxandi fjöldi einstaklinga á ekki annan kost en að selja vinnuafl sitt fjármagnseigendum (auðvaldi) eða ríkisvaldi (hinu opinbera) til að geta fætt og klætt sjálfa sig og fjölskyldur sínar. Þetta ferli nær til allra fjögurra meginsviða atvinnustarfseminnar í samfélaginu, þ.e. framleiðslu, dreifingar, þjónustu og endurnýjunar (Therborn, 1981). Með *verkalýðsstétt í víðtækri merkingu* er átt við starfsfólk á öllum atvinnusviðunum fjórum, sem hefur hvorki stjórnunarleg áhrif né völd innan fyrirtækja og stofnana.

Þjónustuhlutverk opinberra starfsmanna felst bæði í störfum þeirra og ráðningarfyrirkomulagi. Þeir starfa hjá yfirvöldum sem leggja megináherslu á að þjónusta samborgarana, andstætt einkafyrirtækjum sem leggja mest upp úr arði af fjárfestingu. Þetta á við um Ísland a.m.k. fram til 1940. Því hefur sumt starfsfólk hjá opinberum aðilum verið flokkað til þjónustusviðsins, sem í einkafyrirtækjum hefði heyrt til framleiðslusviðsins. Það eru því mismunandi viðmið varðandi vinnuafl í þjónustustörfum sem valda því að nauðsynlegt reynist að aðskilja opinber störf, annars vegar, og hins vegar þau sem tilheyra einkageiranum (sbr. töflu 2).

Húshjálp borgara- og smáborgarastéttanna og miðlægra laga félagsgerðarinnar, þ.e. vinnukonur, vinnumenn, vinnustúlkur og léttastúlkur, teljast hér til endurnýjunarsviðs og verkalýðsstéttarinnar. Mörg verkefni þeirra samsvöruðu þjónustu starfsfólks á veitingahúsum við gesti, en staðsetning þeirra innan fjölskyldunnar skapar sterk tengsl við endurnýjunarhlutverkið. Af þessum sökum eru ofangreind störf talin til endurnýjunarsviðsins en ekki þjónustusviðsins (Hermann Óskarsson, 1996).

Í sögulegu samhengi eru breytingar á fjölda starfsfólks á endurnýjunarsviði af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða öreigaferli sem á sér stað fyrir tíma kapítalismans og einkennist af mikilli fjölgun eignalauss fólks í landbúnaði. Þetta ferli ber engin einkenni kapítalískrar þróunar, því að viðkomandi vinnufólk var fastbundið í persónulegt þjónustusamband við vinnuveitendur sína (vistarbandið er dæmi um þetta). Áðurnefnd húshjálp tilheyrir þessu sögulega samhengi og flokkast hér til verkalýðsstéttar í víðtækri merkingu og einstaklingsbundinnar endurnýjunar á endurnýjunarsviði vegna stöðu sinnar innan fjölskyldunnar.

Hitt ferlið einkennir fyrst og fremst þróað kapítalískt skipulag og er hluti regluveldisstýrðs öreigaferlis, þar sem fjölgar lágt settu launafólki ríkis og bæja, sem annast börn og aldraða, aðhlynningu sjúkra, matargerð og framreiðslu í eins konar ópersónulegri fjöldaframleiðslu. Störf þessa launafólks flokkast til verkalýðsstéttar í víðtækri merkingu og opinberrar endurnýjunar á endurnýjunarsviði samfélagsins.

## Gögn og rannsóknaraðferð

Í rannsókninni voru notaðar manntalsupplýsingar í frumriti og sagnfræðileg gögn af skjalasöfnum, eins og ýmis samtímaskjöl, dagblöð og tímarit. Einnig voru notuð ýmis nýrri gögn, eins og ævisögur, minningarrit og ýmis nýlega skráður sögulegur fróðleikur. Rannsóknaraðferðin var valin með hliðsjón af áður nefndum fræðilegum forsendum og með tilliti til þess hvers konar gögn voru tiltæk. Manntölin voru framkvæmd af opinberum yfirvöldum í samræmi við lög (Hindess, 1973). Fyrsta manntalið sem hér er notað fór fram árið 1860 og síðan endurtekin manntöl með 10 ára millibili. Úrvinnsla gagna fór fram með SPSS gagnavinnsluforritinu.

Sérhver sem samkvæmt manntali hafði starfsheiti og var atvinnuþátttakandi var í rannsókninni talinn til vinnuaflsins og venjuleg heimilisstörf því ekki með talin. Í samræmi við þetta var verkalýðsstéttin skilgreind með tilliti til áðurnefndra fræðilegra forsendna. Rannsóknir á sviði félagsvísinda nálgast oft stéttaskiptingu á grundvelli atvinnuþátttöku eins og hér er gert (Crompton, 1998).

## Myndun stéttaskiptingar í þéttbýli á Íslandi

### Efnahagsleg ferli og valdatengsl

Erlendir kaupmenn stuðluðu að kapítalískri þróun á Íslandi með því að veita fjármagni inn í viðskipti sín við íslenska bændur á 18. öld. Á síðari hluta 19. aldar kom innlent fjármagn á sviði landbúnaðar og verslunar – útvegsbændur og kaupmenn innanlands – að þróun atvinnulífs í átt til kapítalískis skipulags með fjárfestingum í bátaútgerð, verslun og framleiðslu. Danskir embættismenn og konungsvaldið komu hér einnig við sögu (Hermann Óskarsson, 1996).

Sjálfstætt starfandi handverksfólk og sjómenn tóku einnig þátt í þessari upphafsþróun kapítalískrar atvinnustarfsemi og iðnvæðingar á sviði framleiðslu og fiskveiða. Í Englandi og Svíþjóð varð fjármagn til atvinnurekstrar æ mikilvægara eftir fyrsta stig iðnvæðingarinnar og jafnframt fóru bankar að gegna veigameira hlutverki. Hins vegar fór vægi fjármagns í verslun og viðskiptum minnkandi síðar meir í þessum löndum (Therborn, 1981).

Landsbanki Íslands, sem var í eigu ríkisins, gegndi mikilvægu hlutverki í tengslum við fjármögnun og þróun útgerðar í lok 19. aldar (Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, 1991). Frá því Landsbankinn var stofnaður árið 1885 var honum ætlað að auðvelda peninga- viðskipti og styðja framfarir atvinnuveganna (Landsbanki Íslands, 1961). Helstu atvinnuvegir á þessum tíma voru landbúnaður og fiskveiðar. Árið 1880 er talið að rúmlega 70 prósent vinnandi fólks á Íslandi hafi starfað við landbúnað, en rúmlega 12 prósent við sjávarútveg (Sverrir Kristjánsson, 1966). Bataútgerð bænda á fyrri tíð hafði áhrif á kapítalíska atvinnuþróun og stuðlaði að því að kaupmenn og bankar beindu fjármagni til útgerðar í auknum mæli. Íslandsbanki kom síðan til sögunnar 1904, en hann var hlutafélagsbanki sem hafði að meginmarkmiði að liðsinna útgerðinni með lánsfé (Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, 1991).

Útvegsbændurnir gátu stundað bátaveiðar sínar í krafti takmarkaðs viðskiptafrelsis í lok 18. aldar en þeim var þá heimilt, lögum samkvæmt, að versla við alla þegna danska konungsríkisins. Er kom fram á miðja 19. öld var verslun á Íslandi gefin frjáls án tillits til þjóðernis. Fiskveiðar bændanna miðuðu nánast eingöngu að útflutningi og þeir seldu aflann beint til kaupmanna um borð í erlendum verslunarskipum. Bændur við Eyjafjörð gátu einnig orðið sér úti um fjármagn með sölu landbúnaðarafurða, t.d. sauðfjár á fæti, sem þeir seldu til Englands á síðari hluta 19. aldar (Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, 1991; Sveinbjörn Blöndal, 1982). Með þeim hætti gátu bændur keypt sér efnivið í báta og annan nauðsynlegan búnað til veiðanna hjá erlendum (dönskum) kaupmönnum á Akureyri.

Hvað Akureyri snerti, hélt fjármagnið snemma innreið sína í framleiðslu- og dreifingu og var ráðandi á þessum sviðum (sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996). Fjármagn frá erlendum kaupmönnum var þó allsráðandi á sviði dreifingar, löngu áður en áhrifa þess fór að gæta að nokkru ráði í framleiðslunni. Erlendir kaupmenn fengu einkarétt á Íslandsverslun árið 1602 og hélst það fyrirkomulag til 1787. Um var að ræða svokölluð flutningsviðskipti (e. *carrying trade*) (sjá t.d. Wood, 2002). Þeir máttu hins vegar ekki hafa fasta búsetu á Íslandi og fjárfestu því ekki innanlands í framleiðslu á þessu tímabili (Jón J. Aðils, 1919; Björn Þorsteinsson, 1970; Gísli Gunnarsson, 1987; Hermann Óskarsson, 2010).

Tilgáta Therborns um öreigaþróun gerir ráð fyrir því að hún hefjist á sviði framleiðslu (Therborn, 1981). Öreigaþróunin færir síðan yfir á svið dreifingar með auknum viðskiptum, og síðan svið þjónustu með opinberri þjónustu og einkaþjónustu (sbr. töflu 2 og 4). Á lokastigi nær þetta ferli yfir á endurnýjunarsvið – umönnun barna og gamalmenna – sem er yfirleitt, að minnsta kosti í Evrópu, undir yfirstjórn ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að greina þetta ferli með tilliti til efnahagsþróunar og breyttra valdahlutfalla sem fylgja vexti og viðgangi kapítalismans.

Upplýsingar manntalanna á Akureyri sýna að þungamiðju fjármagnsins var að finna á dreifingarsviðinu í byrjun tímabilsins 1860 til 1940 en síðan í framleiðslu og dreifingu á síðari helmingi þess. Þessi umskipti þungamiðjunnar eru í raun lýsandi fyrir lok sjálfsþurftasamfélagsins og upphaf markaðssamfélags (kapítalísma) á Íslandi því þau staðfesta aukin umsvif



fjármagnseigenda á framleiðsluviði og upphaf kapítalískrar iðnvæðingar (sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996; sjá einnig töflu 2 og 4).

Vinnan og verkalýðurinn, andhverfa fjármagns og borgarastéttar í kapítalísku samfélagi, eru á hinn bóginn ekki fullkomlega samhverf þungamiðju fjármagnsins (Therborn, 1981). Þetta merkir að á meðan borgarastéttin er ríkjandi á framleiðslu- og dreifingarsviðunum er kjarna verkalýðsstéttarinnar að finna á framleiðsluviðinu. Þessi kjarni samsvarar verkalýðsstéttinni í þröngri merkingu og samanstendur af verkafólki í framleiðsluiðnaði og flutningastarfsemi (sbr. töflu 2 og 4).

Þetta misræmi var að nokkru leyti með öðru sniði og tók breytingum á Akureyri á tímabilinu 1860–1940. Kapítalismi á Íslandi var að breytast á tímabilinu úr erlendum verslunarkapítalisma (e. *mercantile capitalism*) með einkennandi flutningsviðskiptum yfir í iðnaðarkapítalisma (e. *industrial capitalism*) með tilheyrandi kapítalískum viðskiptum sem voru fyrst og fremst af innlendum rótum runnin á fyrra helmingi tímabilsins 1860–1940 (sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996).

Á umræddu tímabili umbreyttist skipan og hlutverk íslenska ríkisins. Um miðbik 19. aldar voru stofnanir ríkisins í eðli sínu „for-kapítalískar“, þ.e. tilkomnar fyrir upphaf hins kapítalíska markaðssamfélags, og var einkum um að ræða hátt setta embættismenn sem önnuðust endurnýjun og viðhald stjórnunar- og dómsvalds (*sérhópar*). Undir lok 19. aldar breyttist hins vegar eðli og hlutverk íslensks ríkisvalds í tengslum við sjálfstæðisbaráttuna – með nýrri stjórnarskrá árið 1874, takmarkaðri sjálfsstjórn á fyrsta fjórðungi 20. aldar og 1944 þegar Ísland varð fullvalda lýðveldi.

### For-kapítalísk stéttaskipting á Akureyri

Fyrir 1860 hafði smám saman myndast for-kapítalísk stéttaskipting í þéttbýli, en hins vegar var þéttbýlismyndun afar smá í sniðum. Árið 1801 voru um 47.000 íbúar á Íslandi og af þeim bjuggu 300 í stærsta þorpinu, Reykjavík. Ætla má að Akureyri hafi verið næststærsta þorpið, en þar voru aðeins 39 íbúar (Klemens Jónsson, 1948). Þetta fólk, 23 karlar og 16 konur, hafði fyrst og fremst verslun að atvinnu. Um þriðjungur íbúanna var af erlendu bergi brotinn. Fimmtán störfuðu við húshjálp eða sem verkamenn hjá kaupmönnum. Á þessum for-kapítalíska tíma var erlend borgarastétt, sem fékkst við verslun, ríkjandi á dreifingarsviði.

Manntal árið 1835 sýnir að þá hafi 56 manns búið á Akureyri, 23 karlar og 33 konur á 14 heimilum (Klemens Jónsson, 1948). Þarna voru 5 kaupmenn, 7 handverksmenn, 11 þjónustustúlkur, þrír verkamenn, einn lærlingur og einn læknir. Sé horft til stéttaskiptingar, var um að ræða næstum jafnmarga verslunarborgara og for-kapítalíska verkamenn. Næstum helmingur íbúanna voru annaðhvort útlendingar eða af erlendum uppruna. Þarna blasir við að meirihluti verslunar-yfirstéttarinnar var upprunninn erlendis og að Íslendingarnir tilheyrðu langflestir for-kapítalískri lágstétt. Af manntölunum og fleiri heimildum frá þessum tíma má engu að síður ráða að íslensk verslunar-yfirstétt var á góðri leið með að komast til valda og áhrifa í stéttaskipan bæjarins (Hermann Óskarsson, 1996). Þegar hér var komið sögu hafði framleiðsluviðið farið vaxandi, fyrst og fremst vegna tilkomu smáborgaranna, en hin eiginlega borgarastétt hélt sig enn að mestu við dreifingarsviðið. Einnig hafði á þessum tíma fjölgað sjálfstæðum og launuðum starfsmönnum á sviði endurnýjunar.



## Upphaf og þróun kapítalískrar stéttaskiptingar

Rekja má kapítalíska stéttaskiptingu á Íslandi aftur til ársins 1862, ef miðað er við viðurkenningu borgararéttinda sem upphafspunkt. Kaupstaðarréttindi sem veitt voru nokkrum helstu þéttbýlisstöðum í landinu á því ári höfðu jafnframt í för með sér einkarétt til handa borgarastéttunum til atvinnustarfsemi, viðskipta, verslunar og annars atvinnurekstrar. Þetta upphaf er hins vegar ekki eins augljóst af upplýsingum í töflu 1. Í fyrsta lagi sýnir taflan annars vegar vægi stétta og þjóðfélagshópa sem hlutfall af atvinnuþátttakendum (vinstri hluti töflunnar) og hins vegar vægi stétta og þjóðfélagshópa miðað við fjölda íbúa á Akureyri á aldrinum 15–65 ára (hægri hluti töflunnar). Framsetningin þjónar þeim tilgangi að lýsa þróun og umfangi stéttaskiptingarinnar og mótunaráhrifum hennar með tilliti til félagslegra samskipta bæjarbúa á Akureyri. Fram kemur í aftasta dálki töflunnar að atvinnuþátttakan sem hlutfall af íbúafjöldanum sveiflaðist nokkuð frá einum áratug til annars, en almennt þá minnkaði hún frá 1860 til 1940 úr 70 prósentum í rúm 60 prósent. Ástæða þessarar þróunar var aukinn fjöldi íbúa sem tók ekki þátt á vinnumarkaði og byggði framfærslu sína á öðrum.

Tafla 1. Stéttaskipting á Akureyri 1860–1940. Stéttir og þjóðfélagshópar sem hlutfall af heildarvinnuafli og íbúum á aldrinum 15–65 ára

	Heildarvinnuafli					Íbúar 15–65 ára					
	V <sup>a</sup>	SB <sup>b</sup>	B <sup>c</sup>	M <sup>d</sup>	SH <sup>e</sup>	V	SB	B	M	SH	Alls
1860	60	16	9	14	1	42	11	6	10	1	69
1870	64	19	1	15	1	49	15	1	11	1	77
1880	64	20	1	15	1	51	16	1	12	1	79
1890	65	21	2	11	(0,4)	43	14	1	7	(0,2)	66
1901	69	17	1	12	1	47	12	1	8	(0,4)	69
1910	68	21	1	9	1	40	12	1	6	1	59
1920	66	16	2	15	1	41	10	1	9	1	62
1930	65	18	1	14	1	41	11	2	9	1	63
1940	70	16	2	12	1	44	10	1	8	1	63

Heimild: Hermann Óskarsson (1996: 251).

Skýringar: <sup>a</sup> = Verkafólk, víðtæk skilgreining, <sup>b</sup> = Smáborgarar, <sup>c</sup> = Borgarar, <sup>d</sup> = Millihópar/millilög, <sup>e</sup> = Sérhópar. ATH: Til einföldunar hafa brot yfirleitt verið felld niður og tölur aðlagðar samkvæmt því. Vegna þessa er ekki víst að samanlagðar tölur í töflum hér að neðan séu nákvæmlega 100 prósent. Til að framsetning verði skýrari, hins vegar, eru prósentur sýndar, ef undir 0,5 prósent og yfir 0 prósent. Upprunalega manntalið frá 1910 glataðist, en var síðar endurgert og er af þeim sökum ekki eins áreiðanlegt og hin. Manntölin frá 1880 og 1901 ætti að vissu leyti að skoða sem undantekningar vegna sérstakra þjóðfélagsaðstæðna á þessum tímum. Sjá einnig Hermann Óskarsson (1996).

Í öðru lagi sýnir tafla 1 að *verkalýðsstéttin* óx sem hlutfall af heildarvinnuafli úr 60 prósentum 1860 í 70 prósent 1940, en minnkaði á 20. öldinni sem hlutfall af íbúafjölda. Aðrar stéttir og þjóðfélagshópar annaðhvort minnkuðu lítillega sem hlutfall af heildarvinnuafli, eða tóku litlum breytingum á umræddu tímabili. *Verkalýðsstéttin* (V), *smáborgararnir* (SB) og *millihóparnir* (M) drógust saman að verulegu leyti sem hlutfall af íbúafjölda á 20. öldinni. Það stórfækkaði í borgarastétt á verslunarsviði skömmu eftir 1860 (Hermann Óskarsson, 1996). Fyrir þann tíma var þessi stétt um níu prósent vinnuaflsins, en fór niður fyrir tvö prósent og hélst það hlutfall til 1940. Samsetning borgarastéttarinnar breyttist m.ö.o. á þessu tímabili, er þungamiðja hennar fluttist frá dreifingarsviði þar sem hún hafði verið ríkjandi yfir til hliðstæðrar stöðu á framleiðslusviði. Þessi umskipti borgarastéttarinnar hófust á síðasta áratug 19. aldar og þeim lauk á öðrum og þriðja áratug 20. aldarinnar (sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996). Fækkun borgaranna þýddi ekki að áhrif þeirra minnkuðu. Í sögulegu ljósi hefur þessi stétt alltaf verið mjög lítið hlutfall af íbúunum (Therborn, 1981). Hlutfall *sérhópa* (SH) tók litlum breytingum á umræddu áttatíu ára tímasteiði, en innri gerð þeirra aðlagðist þróun og breytingum íslenska ríkisins.

Þess ber einnig að geta, sem ekki kemur fram í töflu 1, að það urðu markverðar breytingar og ummyndun innan stétta og hópa með tilliti til starfsgreina, atvinnusviða, starfsgeira og síðast en ekki síst atvinnuskiptingu kynjanna frá 1860 til 1940. Þessar breytingar höfðu hver á sinn hátt áhrif á stéttaskiptinguna og mótun hinnar nýju félagsgerðar á Akureyri.

## Myndun verkalýðsstéttar og kynjaskipting

Myndun kynjaskiptrar verkalýðsstéttar á Akureyri frá 1860 til 1940 er lýst hér á eftir í nokkrum köflum. Fyrst er gerð grein fyrir formgerðarbreytingum verkalýðsstéttarinnar á tímabilinu. Fjallað er um fjórar hliðar formgerðarþróunarinnar. Í fyrsta lagi er þróun verkalýðsstéttarinnar skoðuð ókyngreind með tilliti til starfstegundar, atvinnusviða og starfsgeira (tafla 2). Í öðru lagi er þróun verkalýðsstéttar í þröngri og víðri merkingu skoðuð með tilliti til kynjanna, vinnuafls og fjölda íbúa (tafla 3). Í þriðja lagi er uppbygging verkalýðsstéttarinnar í víðri merkingu skoðuð kyngreind (tafla 4). Í fjórða lagi er formgerðarþróun verkalýðsstéttarinnar skoðuð með tilliti til tiltekinnar lykilhópa verkafólks (tafla 5). Þá er ólíkri öreigaþróun kynjanna lýst á umræddu tímabili. Fjallað er í framhaldinu um tegund ráðningar eða með hvaða hætti verkafólk tengdist vinnuveitendum sínum og hvernig þessi tengsl breyttust frá 1860 til 1940 (tafla 6). Loks er rætt um myndun andstæðra þjóðfélagsafla, þ.e. þróun öreigastéttar verkafólks og stéttar eignafólks, á umræddu tímabili og er þróunin kyngreind (tafla 7).

### Formgerðarþróun verkalýðsstéttar

*Verkalýðsstéttin* á Akureyri gekk í gegnum djúpstæðar innri umbreytingar og endursköpun á árabílinu 1860 til 1940 (sbr. töflu 2, 4 og 6). Þessar umbreytingar fólu meðal annars í sér vaxandi fjölda verkafólks á dreifingarsviði á fyrri hluta 20. aldar. Á sviði endurnýjunar varð allt umrætt tímabil hlutfallsleg fækkun starfsfólks sem þáði laun sín af persónulegum tekjum vinnuveitenda sinna (e. *revenue workers*). Hér er átt við launafólk sem var ekki í þjónustu fjármagnsins, þ.e. þá sem þáðu laun sín af persónulegum tekjum einkaaðila, einstaklinga og fjölskyldna þeirra, eða af opinberum tekjustofnum, þ.e. sköttum og gjöldum. Marx kallaði þetta persónulegan tekjustofn eða „tekjur“ (e. *revenue*). Hér var að mestu um konur að ræða

**Tafla 2.** Skipulag verkalýðsstéttar á Akureyri 1860–1940. Hlutfallsleg skipting stéttarinnar í þröngum og víðtækum skilningi með tilliti til starfstegundar, atvinnusviðs og starfsgeira

	Framleiðsla (kap.)	Dreifing	Opinber þjónusta	Einka þjónusta	Endurnýjun kapítal.	Endurnýjun einstakl.	Endurnýjun opinber
1860	56	-	-	-	1	43	-
1870	56	1	-	-	4	39	-
1880	67	-	-	-	-	32	1
1890	62	-	1	-	1	37	-
1901	71	1	1	-	-	27	(0,2)
1910	75	1	1	1	(0,4)	23	-
1920	62	6	1	1	1	29	1
1930	68	9	1	1	2	19	1
1940	65	11	1	2	2	18	1

*Heimild:* Hermann Óskarsson (1996).

*Skýringar:* Sjá einnig athugasemdir við töflu 1.

(sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996). Tafla 2 sýnir þróun verkalýðsstéttarinnar á Akureyri og er atvinnusviðunum skipt upp eftir því hvernig ráðningu verkafólksins var háttað, þ.e. eftir því hvort það var í þjónustu fjármagnsins, opinberri þjónustu eða einkaþjónustu.

Þegar á heildina er litið, samkvæmt töflu 2, er það einungis dreifingar sviðið sem sýnir samfellda hlutfallslega fjölgun atvinnuþátttakenda, þegar horft er til seinni hluta þess tímabils sem er til umfjöllunar. Á sviði opinberrar þjónustu og endurnýjunar var annaðhvort um enga hlutfallslega fjölgun að ræða eða afar litla. Í rauntölum fjölgaði þó starfsfólki lítillega í báðum þessum starfsgeirum. Hér ber að hafa í huga að íslenska velferðarríkið var einungis á byrjunarstigi í lok tímabilsins (Stefán Ólafsson, 2003). Á endurnýjunarsviði fjölgaði starfsfólki í einstaklingsbundinni endurnýjun, en hún hafði dregist hlutfallslega svo mjög saman 1940 að hún var innan við helmingur þess sem var 1860 (sbr. töflu 4). Þessi umskipti vitna á sinn hátt um hnignun eldri samfélagsgerðar og upphaf og þróun nýrrar.

Í töflu 3 kemur fram hvernig verkalýðsstéttin á Akureyri, í þröngri og víðri merkingu, þróaðist á umræddu tímabili með tilliti til kynjanna, vinnuafls og íbúafjölda. Til einföldunar er í töflunni einungis sýndur hundraðshluti karla en auðvelt er að finna út hundraðshluta kvenna. Til dæmis var hundraðshluti karla í verkalýðsstétt í þröngri merkingu 78 prósent 1860, sem þýðir að hlutfall verkakvenna var 22 prósent o.s.frv. Fram kemur einnig hlutfall verkalýðsstéttar í þröngri merkingu af vinnuaflinu á Akureyri á umræddu tímabili og íbúafjöldanum á aldrinum 15–65 ára. Loks sýnir tafla 3 hundraðshluta karla af verkalýðsstétt í víðri merkingu á tímabilinu en auðvelt er að finna út hlutfall kvenna. Karlar voru t.d. 43 pró-

**Tafla 3.** Verkalýðsstétt í þröngum og viðtækum skilningi sem hlutfall af íbúafjölda og vinnuafl 15–65 ára 1860–1940

	Verkalýðsstétt í þröngri merkingu	Verkalýðsstétt í þröngri merkingu	Verkalýðsstétt í víðri merkingu
	karlar (%)	íbúar (%)	vinnafl (%)
1860	78	23	34
1870	64	28	36
1880	84	34	43
1890	76	27	41
1901	72	34	49
1910	62	30	51
1920	72	25	41
1930	76	28	45
1940	73	29	45

*Heimild:* Hermann Óskarsson (1996: 70, 85, 89).

*Skýringar:* Sjá einnig athugasemdir við töflu 1.

sent við manntalið 1860 og konur því 57 prósent. Við manntalið 1940 voru karlar hins vegar 55 prósent og konur 45 prósent. Framsetningin þjónar, eins og áður sagði, þeim tilgangi að lýsa á einfaldan hátt þróun og umfangi stéttaskiptingarinnar. Í stuttu máli hækkaði hlutfall verkalýðsstéttarinnar í þröngri merkingu, þ.e. verkafólks á framleiðslusviði, af íbúum og heildarvinnuafl 15–65 ára umræddu tímabili án tillits til kyns.

Samkvæmt töflu 3 eru karlar í meirihluta í verkalýðsstétt í þröngri merkingu, þ.e. á framleiðslusviði. Konur eru hins vegar í meirihluta í verkalýðsstétt í víðri merkingu með tveimur undantekningum fram til 1930, þ.e. 1880 og 1901.

Verkalýðsstéttin þróaðist með afar mismunandi hætti með tilliti til kynjanna. Tafla 4 sýnir hlutfall verkakvenna og verkakarla á hverjum tíma eftir atvinnusviði og með tilliti til þess hvort kynin eru í þjónustu fjármagnsins, opinberri þjónustu eða einkaþjónustu.

Af töflu 4 má auðveldlega sjá að konurnar störfuðu einkum á sviði framleiðslu og endurnýjunar. Verkakonu fylgja á framleiðslusviði úr rúmlega 20 prósentum allra verkakvenna 1860 í tæplega 40 prósent 1940. Á dreifingarsviði birtust engar konur í manntölum fyrr en 1910 en eftir það urðu þær umtalsvert fleiri. Innan þjónustusviðs voru heldur engar konur fyrr en 1910, þá tók þeim að fjölga en einungis í litlum mæli. Konur á endurnýjunarsviði með kapítalíska ráðningu, þ.e. störfuðu fyrir fjármagnseigendur í kapítalískum fyrirtækjum, birtast í manntalinu þegar árið 1860, en þeim fækkaði þar til 1930 er þeim tók aftur að fjölga (sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996). Ekki var að finna neinar konur í opinberum störfum á sviði endurnýjunar fyrir 1880 og þeim fylgja lítið fram undir 1940. Fjölmargar konur störfuðu aftur á móti við einstaklingsbundna endurnýjun, en þeim fór hlutfallslega mjög fækkandi fram til 1940.

**Tafla 4.** Uppbygging kynjaskiptar verkalyðsstéttar 1860–1940. Hlutfall karla og kvenna eftir atvinnugreinum innan stofnana samfélagsins, atvinnusviði og starfsgeira

	Framleiðsla (kapítalísk)		Dreifing (kapítalísk)		Opinber þjónusta		Einka þjónusta		Endurnýjun kapítalísk		Endurnýjun einstaklings- bundin		Endurnýjun opinber	
	Ka	Ko	Ka	Ko	Ka	Ko	Ka	Ko	Ka	Ko	Ka	Ko	Ka	Ko
1860	100	22	-	-	-	-	-	-	-	2	-	76	-	-
1870	95	32	3	-	-	-	-	-	-	6	3	61	-	-
1880	100	25	-	-	-	-	-	-	-	-	-	73	-	2
1890	99	28	-	-	1	-	-	-	-	1	-	71	-	-
1901	97	43	1	-	2	-	-	-	-	-	-	57	-	1
1910	96	55	1	2	2	-	1	1	-	1	-	41	-	-
1920	92	34	5	7	2	1	-	1	1	1	1	55	-	2
1930	92	37	6	13	1	1	-	2	1	4	-	42	-	1
1940	88	38	9	13	2	1	1	3	1	3	(0,1)	40	-	2

*Heimild:* Hermann Óskarsson (1996).

*Skýringar:* Sjá einnig athugasemdir við töflu 1.

Tafla 5 lýsir enn frekar innri formgerðarbreytingu verkalyðsstéttarinnar á Akureyri á umræddu tímabili. Þar kemur m.a. fram þróun handverkafólks og starfsfólks í húshjálp. Þetta verkafólk var í þjónustu fjölskyldna og heimila og þáði laun af persónulegum tekjum vinnuveitenda sinna. Iðnverkafólkið, aftur á móti, var í þjónustu fjármagnsins og því afsprengi hinnar nýju samfélagsgerðar – markaðssamfélagsins.

Samkvæmt töflu 5 dróst mjög saman hlutfall handverkafólks (e. *preindustrial workers*) fram til 1940, þ.e. vinnumanna, þeirra sem „lifðu af handbjörg sinni“, lausamennskufólks, tómthúsmanna og húsfólks. Hlutfall iðnverkafólks (e. *industrial workers*), þ.e. starfsfólks iðnaðarfjármagnsins, var breytilegt frá einum áratug til annars, en sá hópur fór vaxandi í heildina sem hlutfall af verkalyðsstétt. Verkafólki í sjávarútvegi fjölgaði hlutfallslega fram í byrjun 20. aldar, en fækkaði nokkuð eftir það. Hlutfall handverkafólks og starfsfólks í húshjálp af verkalyðsstétt í viðri merkingu dróst saman úr 76 prósentum 1860 í 23 prósent 1940. Á sama tíma jókst hlutfall verkafólks í iðnaði (iðnverkafólk, sjómenn og fiskvinnslufólk) úr sjö prósentum í 32 prósent. Þessi þróun er lýsandi fyrir formgerðarbreytingu verkalyðsstéttarinnar á Akureyri á umræddu tímabili og upphaf nýrrar samfélagsgerðar. Þróunin gefur til kynna vaxandi iðnvæðingu á tímabilinu og uppsiglingu markaðsvædds iðnaðarsamfélags á Íslandi.

**Tafla 5.** *Lykilhópar innan verkalyðsstéttar á Akureyri 1860–1940. Hlutfall af verkalyðsstétt í viðtækum skilningi*

	Handverkafólk	Iðnverkafólk	Sjómenn og fiskvinnslufólk	Húshjálp
1860	32	5	2	44
1870	28	6	5	43
1880	45	2	15	32
1890	27	3	10	37
1901	15	9	23	27
1910	18	5	15	21
1920	7	11	17	29
1930	3	8	13	20
1940	3	18	14	20

*Heimild:* Hermann Óskarsson (1996).

*Skýringar:* Sjá einnig athugasemdir við töflu 1.

### Öreigaþróun kynjanna

Kapítalism (e. *capitalism*) hefur verið skilgreindur sem kerfi þar sem vörur og þjónusta, allt frá munaði til helstu nauðsynja, er framleitt með arðsöm viðskipti í huga, þar sem jafnvel mannlegt vinnuafli er söluvara á markaði og þar sem allir efnahagslegir gerendur eru háðir markaðnum (Wood, 2002; Fulcher, 2004). Með öreigaþróun (e. *proletarization*) er hér átt við þá grundvallarbreytingu varðandi vinnutengsl sem fólst í tilkomu kapítalíks markaðssamfélags, að aukinn fjöldi atvinnuþátttakenda varð alfarið háður skilyrðum markaðarins sjálfum sér til framfærslu og fjölskyldna sinna. Tafla 4 sýnir að öreigaþróun karla á Akureyri á umræddu tímabili hófst á framleiðslusviði. Hliðstætt ferli var flóknara hjá konunum.

Eins og kom fram hér að framan störfuðu verkakonur fyrst og fremst sem heimilishjálp (76%) þegar kapítalískir framleiðsluhættir (e. *capitalist mode of production*) voru að þróast á Akureyri um 1860. Einnig voru þær í minna mæli, sem þó skiptir nokkru máli, í störfum á framleiðslusviði (22%) í fyrirtækjum fjármagnseigenda (sbr. töflu 4 og nánar Hermann Óskarsson, 1996). Í vissum skilningi táknaði starf þeirra á heimilum bæjarbúa framhald eldri vinnutengsla með eins konar ættföðursniði (e. *patriarchy*), með þeim hætti sem tíðkaðist á heimilum bænda fyrir tilkomu kapítalismans. En þegar framleiðsluaðferðir breyttust, urðu jafnframt breytingar á þessu starfssambandi, sem var háttað með allt öðrum hætti í kapítalíska markaðskerfinu (Wood, 2002).

Í lok umrædds tímabils, um 1940, störfuðu tæp 60 prósent verkakvenna á Akureyri við fyrirtæki fjármagnseigenda á meðan 40 prósent unnu sem húshjálp. Einungis um tvö prósent verkakvenna störfuðu hjá hinu opinbera. Vert er að benda hér á að innleiðing fjármagnsins á

endurnýjunarsviðinu var ekki í formi öreigaþróunar heimilisstarfanna, t.d. með tilkomu fyrirtækja sem leigðu út þjónustufólk til heimila, heldur átti sér stað tiltekin yfirfærsla stærri hluta heimilisstarfanna til iðnaðarframleiðslu, þ.e. til framleiðslu á fatnaði, heimilistækjum, niðursuðuvöru og fleiri matvælum. Öreigaþróun kynjanna var því með mjög ólíkum hætti á umræddu tímabili í sögu kapítalisma á Akureyri. Óhætt er að fullyrða að sú þróun var ekkert einsdæmi og að öllum líkindum einkennandi fyrir landið allt.

### Verkalýðsstétt með tilliti til tegundar ráðningar og kynjanna

Skipting verkafólks með tilliti til þess hvernig launum þess er háttað skiptir ekki einungis máli í fjárhagslegu tilliti, hún hefur einnig pólitíska og félagslega merkingu. Tegund launagreiðslu táknar ráðningarfyrirkomulagið, þ.e. fjárhagsleg tengsl og samskipti – vinnutengsl eða starfs-samband – sem markar m.a. ágreining og árekstra milli launþega og vinnuveitenda.

Hlutfall launþega sem ráðnir voru með kapítalísku sniði fór almennt vaxandi fram til 1940 (tafla 6). Frá fræðilegu sjónarmiði er verkalýðsstétt með kapítalískt ráðningarfyrirkomulag andstæða borgarastéttarinnar. Vald og auður borgarastéttarinnar byggist á því að nýta sér til efnahaglegs framdráttar (e. *economic exploitation*) einmitt þennan hluta verkafólks. Hina beinu mótsögn sem fylgin er í kapítalískri launavinnu er að finna í þessu ráðningarfyrirkomulagi. Verkafólkið sem fékk laun sín greidd af persónulegum tekjum vinnuveitendanna – húshjálpin á endurnýjunarsviði – var einnig í fjárhagslegri andstöðu við vinnuveitendur sína, en eins og áður kom fram skipti staða þessa fólks tiltölulega litlu máli með tilliti til kapítalíska markaðshagkerfisins. Vinna þess gaf engan fjárhagslegan ávinning fyrir vinnuveitandann. Laun þessa fólks voru ekki fjárfesting sem gaf arð heldur kostnaður sem vinnuveitandinn greiddi fyrir eigin þægindi. Staða húshjálparinnar var afsprengi eldri vinnutengsla en fólst í markaðstengslum kapítalismans. Starfsmenn sem fá laun frá hinu opinbera kunna hins vegar að hafa mikilvæga efnahagslega og félagslega stöðu og áhrif í samfélaginu, andstætt því sem gildi um húshjálpinu (verkakonurnar) sem bjó við gamla fjölskyldutengda ráðningarformið. Andstæð staða opinberra starfsmanna með tilliti til fjármagnsins er engu að síður aðeins óbein þar sem hlutverk borgaralegs ríkisvalds er að þjóna öllum samborgurum ekki bara fjármagnseigendum. Þessir starfsmenn voru afar lítið hlutfall af verkalýðsstétt í víðri merkingu fyrir 1940 og skipta því minna máli en hinir hóparnir tveir. Samtímis átti sér stað þróun í öndverða átt, þ.e. hlutfall starfsfólks með kapítalíska ráðningu fór vaxandi. Samkvæmt töflu 6 var meginástæðan fjöldi kvenna sem ráðnar voru til starfa með þessum hætti.

Samkvæmt töflu 6 jukust ráðningar verkafólks á vegum einkafjármagns frá 1860 til 1940 úr 57 prósentum af verkalýðsstétt í víðtækum skilningi í 80 prósent. Á sama tíma fjölgaði ráðningum kvenna á forsendum einkafjármagns úr 24 prósentum í 57 prósent. Hlutfall karla sem ráðnir voru til einkafyrirtækja (einkafjármagns) breyttist hins vegar lítið eða úr 100 prósentum 1860 í 98 prósent 1940. Hlutfall kvenna sem störfuðu hjá einstökum fjölskyldum og fengu greidd laun af persónulegum tekjum vinnuveitenda sinna lækkaði á sama tíma úr 76 prósentum í 40 prósent.

Þessar konur voru engu síður en hinar í fjárhagslegri andstöðu með tilliti til vinnuveitenda sinna, sem yfirleitt voru borgarar á Akureyri, en sú staða þeirra skipti litlu máli með tilliti til kapítalíska hagkerfisins. Ofangreind þróun er m.ö.o. lýsandi fyrir minnkandi tók feðraveldisins á skilyrðum vinnunnar og aukin áhrif kapítalískra samskipta á vinnumarkaði og ekki síst uppvaxandi kapítalískt samfélag á Akureyri. Hún sýnir hvernig kapítalísk nýting (e. *capitalist exploitation*) á



**Tafla 6.** *Skipting verkalyðsstéttar eftir tegund launa, launagreiðanda og kyni 1860–1940. Hlutföll miðað við stéttina í viðtækum skilningi*

		Fjármagn einkafyrirtæki		Persónulegar tekjur		Opinberar tekjur			
		Karlar	Konur		Karlar	Konur		Karlar	Konur
1860	57	100	24	43	-	76	-	-	-
1870	61	97	39	39	3	61	-	-	-
1880	67	100	25	32	-	73	1	-	2
1890	63	99	29	37	-	71	1	1	-
1901	72	98	44	27	-	57	1	2	1
1910	78	98	59	21	-	41	1	2	-
1920	69	98	43	29	1	55	2	2	2
1930	80	99	56	18	-	42	1	1	2
1940	80	98	57	18	(0,1)	40	2	2	2

*Heimild:* Hermann Óskarsson (1996).

*Skýringar:* Sjá einnig athugasemdir við töflu 1.

vinnuaflí kvenna til fjárhagslegs ávinnings óx verulega og breytti þannig formi félagslegra samskipta þeirra og vinnuveitenda á tímabilinu. Þróunin sýnir hlutskipti kvenna í þróun hinnar nýju samfélagsgerðar.

Af töflu 6 má með öðrum orðum sjá að grundvallarandstæðan vinnuafl – fjármagn ágerðist markvert frá 1860 til 1940, einkum eftir 1901 þegar hlutfall verkafólks með kapítalíska ráðningu fór yfir 70 prósent alls verkafólks á Akureyri. Hafa ber í huga að þessi þróun stafaði einkum af vaxandi kapítalískum ráðningum kvenna, ekki karla. Ætla má að þessi þróun félagsgerðarinnar hafði haft umtalsverð áhrif á pólitíska þátttöku og baráttu launafólks á Akureyri fyrir félagslegum réttindum á síðari hluta þessa áttatíu ára tímabils, þ.e. frá 1900 til 1940. Stéttarfélög verkafólks voru fyrst stofnuð á Akureyri um og eftir aldamótin 1900, karla 1897 og 1906 og kvenna 1909 og 1915, og stéttarfélagsleg þátttaka jókst í framhaldi af því. Verkakonur á Akureyri stofnuðu fyrstar kvenna á Íslandi verkakvennafélagið Þörfina 1909 til að berjast fyrir launakjörum sínum við síldarsöltun. Það kom til alvarlegra átaka milli verkafólks og atvinnurekenda á Akureyri á þriðja og fjórða áratug 20. aldar. Þetta efni er hins vegar til umfjöllunar annars staðar (Ólafur Einarsson, 1970; Hermann Óskarsson, 1996, 1997, 2003).

## Þróun andstæðra þjóðfélagsafla

Með því að bera saman verkalyðsstéttina í þröngri merkingu og eignastétt borgara og smáborgara birtast þær félagslegu aðstæður sem Marx lagði áherslu á að fælu í sér mikilvægustu þjóðfélagsöflin eða átakapólana í kapítalísku samfélagi. Í þessum samanburði sem byggir á fjölda atvinnuþátttakenda eru fjölskyldumeðlimir eignastéttarinnar í hlutverki aðstoðarfólks undanskildir ásamt smáatvinnurekendum í öreigastöðu, þ.e. hópar sjálfstætt starfandi

**Tafla 7.** Framleiðendur gildisauka og eignafólk, skipt eftir kyni 1860–1940

	Verkalýður í þröngum skilningi		Borgarar og smá- borgarar *		Hlutfallstala verkalýðs á móti borgurum og smáborgurum		Samlagt hlutfall verkalýðs, borgara og smáborgara af íbúafjölda	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
1860	38	11	15	-	3:1	-	25	5
1870	36	20	8	4	5:1	5:1	22	12
1880	114	22	10	3	11:1	7:1	31	6
1890	84	26	25	3	3:1	9:1	27	7
1901	220	87	41	3	5:1	29:1	29	10
1910	235	144	93	3	3:1	48:1	26	12
1920	336	132	66	7	5:1	19:1	22	8
1930	612	191	116	16	5:1	12:1	26	7
1940	812	296	119	17	7:1	17:1	24	8

*Heimild:* Hermann Óskarsson (1996).

*Skýringar:* \* Að undanskildum hálfgildings öreigum og aðstoðarfólki innan fjölskyldu.

Sjá einnig athugasemdir við töflu 1.

handverkafólks, sjómenn og smábændur með tímabundna launavinnu, sem standa verkalýðsstéttinni nærri með tilliti til sögulegrar öreigaþróunar (sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996).

Tafla 7 sýnir þróun þessara tveggja þjóðfélagsafla á Akureyri með tilliti til kynja. Fyrsti megin dálkur töflunnar sýnir hvenær manntalið er tekið, en annar dálkurinn verkalýðsstéttina í þröngri merkingu og kyngreinda í undirdálkum. Þriðji megin dálkurinn sýnir eignastéttina að frádregnum þeim atvinnuþátttakendum sem að ofan greinir og með tilliti til kynjanna í undirdálkum. Fjórði megin dálkur töflunnar gefur til kynna afleiðingar *öreigaferlisins* og myndun öreigastéttar. Þar kemur fram hlutfall stéttanna í dálki 2 og 3 og þróun andstæðra þjóðfélagsafla. Loks sýnir fimmti megin dálkurinn takmörk hefðbundinnar marxískrar greiningar með tilliti til kynjanna.

Samkvæmt fjórða megin dálki töflu 7 fjölgaði verulega í öreigastétt á Akureyri frá 1860 til 1940. Almenna þróunin var frá þremur öreigum á móti hverjum og einum eignamanni yfir í átta á móti einum. Undantekningarnar 1880 og 1901 stafa af sérstökum sögulegum aðstæðum í samfélaginu. Manntalið frá 1880 sýnir skyndilegt flæði inn í bæina, þar á meðal Akureyri, af lágstéttarfólki úr sveitum. Svipuð þróun virðist uppi í manntalinu 1901, en nú vegna vaxandi fiskveiða sem tengdust kapítalískri atvinnuþróun á Íslandi. Svipaður samanburður var gerður í Svíþjóð fyrir tímabilið 1930 til 1975. Á þessum tíma hækkaði hlutfall öreiga frá fjórum upp í tíu öreiga á móti hverjum eignamanni (Therborn, 1981). Heildarhlutfall beggja póla er milli fimmtungur og þriðjungur íbúafjöldans sem sýnir umfang megin áttakapólanna í hinu upprennandi kapítalíska samfélagi á Akureyri skv. hefðbundnu skilgreiningunni. Tölurnar frá

Svíþjóð og Íslandi (Akureyri) eru auðvitað ekki fyllilega sambærilegar, en í báðum tilvikum er um að ræða verulega og afdrifaríka fjölgun í öreigastétt.

Samkvæmt töflu 7 er verulegur kynjamunur á hlutfalli öreiga og stöðu með tilliti til hinna andstæðu þjóðfélagsafla kapítalíska markaðskerfisins. Konur eru til dæmis mun fámennari í hópi eignafólks en karlar og lakari félagsleg staða þeirra með tilliti til stéttanna og innbyrðis mun meira áberandi en karla.

## Niðurstöður

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna hvernig þróun verkalýðsstéttar var háttað á Akureyri á tímabilinu 1860–1940 og hvaða áhrif þróunin hafði með tilliti til kynjanna. Á þessu tímabili þróaðist á Íslandi kapítalískt samfélag með tilheyrandi stéttaskiptingu og er Akureyri rannsóknardæmi um þessa þróun. Við rannsóknina var notað rannsóknarlíkan sem byggir á marxískri kenningu um stéttaskiptingu og frumupplýsingar úr manntölum ásamt gögnum úr skjalasöfnum.

Í upphafi umrædds tímabils voru erlendir kaupmenn mest áberandi í þéttbýlinu á Akureyri. Þeir stunduðu fyrst og fremst flutningsviðskipti. Samfélagið á þessum tíma bar fleiri einkenni sjálfspurftrasamfélagsins – hagkerfis gamla bændasamfélagsins – en kapítalísks markaðssamfélags. Á síðari hluta 19. aldar og á 20. öldinni fór bærinn að taka á sig skýrari mynd kapítalísks stéttasamfélags, þar sem *borgarastétt* og *smáborgarar* voru ráðandi öfl (sjá nánar Hermann Óskarsson, 1996).

Fjármagn upprunnið í landbúnaði og verslun (flutningsviðskiptum) var mikilvægur áhrifabáttur í þróun kapítalísks samfélags á Akureyri, en smám saman tók fjármagn frá opinberum bönkum og einkareknum iðnaði að gegna vaxandi hlutverki. Þungamiðju fjármagnsins var því fyrst að finna á dreifingarsviði og síðar meir einnig á framleiðslusviði. Kjarni verkalýðsstéttarinnar var hins vegar á framleiðslusviði. Rannsóknin sýnir að grundvallarbreyting varð á innri gerð *verkalýðsstéttarinnar* frá 1860 til 1940. Mest áberandi var fækkun verkakvenna á endurnýjunarsviði úr tæplega 80 prósentum allra verkakvenna í rúm 40 prósent og fjölgun þeirra á framleiðslusviði úr rúmlega 20 prósentum í tæp 60 prósent. Karlar voru í yfirgnæfandi meirihluta verkafólks á framleiðslusviði frá 1860 til 1940 (tafla 3). Hins vegar voru konur í hreinum meirihluta verkafólks á endurnýjunarsviði (tafla 4). Fram til 1930 voru konur einnig, með tveimur undantekningum, í meirihluta innan verkalýðsstéttar í víðtækri merkingu (tafla 3). Breytingin á innri gerð verkalýðsstéttarinnar fól í sér lækkandi hlutfall „handverkafólks“ og „starfsfólks í húshjálpi“ og vaxandi hlutfall „iðnverkafólks“ og „sjómanna og fiskvinnslufólks“ sem náði hámarki um 1901 (tafla 5).

Grundvallarandstæðan vinnuafl – fjármagn ágerðist markvert frá 1860 til 1940, einkum eftir 1901, þegar hlutfall verkafólks með kapítalíska ráðningu fór yfir 70 prósent alls verkafólks (tafla 6). Áberandi er einkum vaxandi kapítalísk ráðning kvenna á tímabilinu sem breytti eðli fjárhagslegra og félagslegra samskipta þeirra og vinnuveitenda.

Öreigum á framleiðslusviði, þ.e. verkalýðsstétt í þröngri merkingu, fjölgaði þannig að hlutfallið milli þeirra og eignafólks breyttist úr þremur framleiðendum gildisauka á hvern eignamann 1860 í átta á móti einum 1940 (tafla 7). Aldamótin 1900 mörkuðu skörp skil í þessari þróun eins og áður sagði. Þessir tveir þjóðfélagshópar, þ.e. verkalýðsstétt í þröngri merkingu og fjármagnseigendur, námu að meðaltali um þriðjung (34%) mannfjöldans á aldr-

inum 15–65 ára á Akureyri frá 1860 til 1940 (tafla 7). Öreigaþróun karla og kvenna var með ólíkum hætti, hún hófst síðar og var meira áberandi meðal kvenna en karla. Sem hópur, miðað við atvinnusvið, atvinnugrein og launategund, gengu verkakonur á Akureyri í gegnum miklu róttækari breytingar á umræddu tímabili í upphafi þéttbýlismyndunar en karlar. Og í röðum eignafólks voru þær miklu mun faliðari en karlarnir.

Ætla má að þessi þróun félagsgerðarinnar hafi haft áhrif á pólitíska þátttöku og baráttu beggja kynja á Akureyri fyrir félagslegum réttindum sínum um aldamótin 1900 og fram til 1940. Þetta má m.a. ráða af stofnun stéttarféлага verkafólks og kjarabaráttu á þessum tíma (Hermann Óskarsson, 1996). Af rannsókninni má draga þann lærdóm helst að lýðveldistíminn hófst á Akureyri með áberandi stéttaskiptingu atvinnuþátttakenda sem fólst ekki bara í félagslegri mismunun stétta heldur ekki síður kynjanna. Þeirri tilgátu er hér varpað fram að rannsóknardæmið Akureyri sé dæmigert fyrir landið allt á umræddum tímabili.

## Heimildir

- Ahrne, Göran; Ekerwald, Hedvig & Leiulfstrud, Håkon (1987). *Klassamhällets förändring*. Lund: Arkiv.
- Andersen, Jörgen Goul. (1979). *Mellemlagene i Danmark*. Aarhus: Politica.
- Becker, Joseph F. (1974a). 'Class Structure and Conflict in the Managerial Phase, part 1.' *Science & Society*, 37, 259-277.
- Becker, Joseph F. (1974b). 'Class Structure and Conflict in the Managerial Phase, part 2.' *Science & Society*, 37, 437-453.
- Beetham, David. (1974). *Max Weber and the Theory of Modern Politics*. London: Allen and Unwin.
- Binns, David. (1977). *Beyond the Sociology of Conflict*. London: Macmillan.
- Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson. (1991). *Íslands saga til okkar daga*. Reykjavík: Sögufélag.
- Björn Þorsteinsson. (1970). *Enska öldin í sögu Íslendinga*. Reykjavík: Mál og menning.
- Bottomore, Tom. (1965). *Classes in Modern Society*. London: Allen & Unwin.
- Bottomore, Tom. (1985). *Theories of Modern Capitalism*. London: G. Allen & Unwin.
- Calvert, Peter. (1982). *The Concept of Class*. London: Hutchinson.
- Carchedi, Guglielmo. (1977). *On the Economic Identification of Social Classes*. London: Routledge.
- Carchedi, Guglielmo. (1983). *Problemes in Class Analysis*. London: Routledge.
- Crompton, Rosemary. (1998). *Class and Stratification. An Introduction to Current Debates*. Cambridge: Polity Press.
- Crosland, C. A. R. (1967). *The Future of Socialism*. New York: Schocken.
- Cutler, Anthony, Hindess, Barry, Hirst, Paul og Hussain, Athar. (1977). *Marx's 'Capital' and Capitalism Today*, Vol. I. London: Routledge and Kegan Paul.
- Dahrendorf, Rolf. (1959). *Class and Class Conflict in Industrial Society*. London: Routledge.
- Ehrenreich, Barbara og Ehrenreich, John. (1979). The Professional-Managerial Class. Í P. Walker (ritstjóri), *Between Labor and Capital* (bls. 5-45). Sussex: The Harvester Press.
- Esping-Andersen, Gösta (1991). *The Three Worlds of Welfare Capitalism*. New Jersey: Princeton University Press.
- Esping-Andersen, Gösta (1993). *Changing Classes*. London: Sage.

- Fulcher, James. (2004). *Capitalism*. Oxford: Oxford University Press.
- Giddens, Anthony. (1971). *Capitalism and Modern Social Theory*. London: Cambridge University Press.
- Giddens, Anthony. (1973). *The Class Structure of the Advanced Societies*. London: Hutchinson.
- Gísli Gunnarsson. (1987). *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Goldthorpe, John H. (1987). *Social Mobility and Class Structure in Modern Britain*. Oxford: Clarendon Press.
- Guðmundur Ævar Oddsson. (2010). Stéttavitund Íslendinga í kjölfar efnahagshruns. *Íslenska þjóðfélagið*, 1, 5-26.
- Hermann Óskarsson. (1996). *En klasstrukturs uppkomst och utveckling. Akureyri 1860 till 1940*. Göteborg: Sociologiska Institutionen, Göteborgs Universitet.
- Hermann Óskarsson. (1997). Stéttaskipting á Akureyri frá 1860–1940. *Súlur*, 24, 30-77.
- Hermann Óskarsson. (2003). Þróun íbúa, atvinnulífs og stjórnmála á Akureyri eftir 1940. *Súlur*, 42, 126-142.
- Hermann Óskarsson. (2010). Upphaf markaðsþjóðfélags á Íslandi í ljósi upplýsinga manntala á Akureyri frá 1860 til 1940. Í Gunnar Þór Jóhannsson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*. (bls. 97-107). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hindess, Barry. (1973). *The Use of Official Statistics in Sociology. A Critique of Positivism and Ethnomethodology*. London: Macmillan.
- Jón J. Aðils. (1919). *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787*. Reykjavík: Verslunarráð Íslands.
- Klemenz Jónsson. (1948). *Saga Akureyrar*. Akureyri: Akureyrarkaupstaður.
- Landsbanki Íslands. (1961). *Landsbanki Íslands 75 ára*. Reykjavík: Höfundur.
- Lash, Scott og Urry, John. (1988). *The End of Organized Capitalism*. Cambridge: Polity Press.
- Lipset, Seymour Martin. (1960). *Political Man*. New York: Doubleday, Anchor.
- Lockwood, David ([ 1958 ] 1989). *The Blackcoated Worker*. Oxford: Oxford University Press.
- Lockwood, David (1964). Social Integration and System Integration. Í G. K. Zollschan og W. Hirsch (ritstjórar). *Explorations in Social Change* (bls. 244-257). London: Routledge.
- Muller, W. og Neususs, C. (1975). The illusion of state socialism and the contradiction between wage labor and capital. *Telos*, 25, 13-90.
- Nicolaus, Martin. (1967). Proletariat and Middle Class in Marx: Hegelian Choreography and the Capitalist Dialectic. *Studies on the Left*, 7, 22-49.
- O'Connor, James. (1973). *The Fiscal Crisis of the State*. New York: St Martin's Press.
- Offe, Claus. (1972). Advanced capitalism and the welfare state. *Politics and Society*, 2, 479-488.
- Ossowski, Stanisław. (1963). *Class Structure in the Social Consciousness*. London: Routledge.

- Ólafur Einarsson. (1970). *Upphaf íslenskrar verkalyðshreyfingar*. Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu.
- Parkin, Frank. (1979). *Marxism and Class Theory: A Bourgeois Critique*. London: Croom Helm.
- Poulantzas, Nicos. ([ 1968 ] 1973). *Political Power and Social Classes*. London: New Left Books.
- Stefán Ólafsson. (2003). Framþróun velferðarríkisins. Frá ölmusu til borgararéttinda – og aftur til baka? Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 93-104). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sveinbjörn Blöndal. (1982). *Sauðasalan til Bretlands*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Sverrir Kristjánsson. (1966). Jón Sigurðsson - baksvið og barátta. *Réttur*, 48/49(1), 12-29.
- Therborn, Göran (1971). *Klasser och ekonomiska system*. Lund: Zenit/Bo Cavefors.
- Therborn, Göran (1972). *Det svenska klassamhället 1930-1970*. Lund: Zenit.
- Therborn, Göran (1976). *Science, Class and Society*. London: New Left Books/Verso.
- Therborn, Göran (1978). *What Does the Ruling Class do When it Rules?* London: New Left Books/Verso.
- Therborn, Göran (1981). *Klasstrukturen i Sverige 1930–80*. Lund: Zenit.
- Therborn, Göran (1983a). Den nymarxistiska klassanalysens uppkomst och problem. *Häften för Kritiska studier*, 16, 30-59.
- Therborn, Göran (1983b). Why some classes are more successful than others? *New Left Review*, 138, 37-55.
- Therborn, Göran (1983c). *When, how and why does a welfare state become a welfare state?* Lagt fram á ECPR Workshops, Freiburg (March).
- Therborn, Göran (1986). Class analysis: history and defence. Í U. Himmelstrand (ritstjóri), *Sociology from Crisis to Science, Vol. I* (bls. 96-132). London: Sage.
- Thompson, Edward Palmer. (1963). *The Making of the English Working Class*. Harmondsworth: Penguin Books.
- Urry, John. (1973). Toward a Structural Theory of the Middle Class. *Acta Sociologica*, 16, 175-187.
- Weber, Max. ([ 1968 ] 1978). *Economy and Society*. London: University of California Press.
- Wood, Ellen Meiksins. (2002). *The Origin of Capitalism. A Longer View*. London: Verso.
- Wright, Erik Olin. ([1978]1993). *Class Crisis and the State*. London: New Left Books/Verso.
- Wright, Erik Olin. (1976). Class boundaries in advanced capitalist societies. *New Left Review*, 98, 3-41.
- Wright, Erik Olin. (1979). *Class Structure and Income Determination*. New York: Academic Press.
- Wright, Erik Olin. (1980a). Varieties of Marxist Conceptions of Class Structure. *Politics & Societies*, 9, 323-70.
- Wright, Erik Olin. (1980b). Class and Occupation. *Theory and Society*, 9, 177-214.
- Wright, Erik Olin. (1985). *Classes*. London: Verso.
- Wright, Erik Olin. (1997). *Class Counts*. Cambridge: University Press.

- Wright, Erik Olin og Martin, Bill. (1987). The Transformation of the American Class Structure, 1960-1980. *American Journal of Sociology*, 93, 1-29.
- Wright, Erik Olin og Singelmann, Joachim. (1982). Proletarianization in the Changing American Class Structure. *American Journal of Sociology*, 88, 176-209.
- Þorgerður Einarisdóttir. (2010). Kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnréttar. *Íslenska þjóðfélagið*, 1, 27-48.

## **Þakkarorð**

Höfundur þakkar ritstjórum og ritrýnum fyrir ítarlegar og góðar athugasemdir og ábendingar.

## **Um höfund**

Dr. Hermann Óskarsson ([hermann@unak.is](mailto:hermann@unak.is)) er dósent í félagsfræði við framhaldsnámsdeild heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hann stundaði grunnnám í félagsfræði, félagsmannfræði og þjóðhagfræði við Gautaborgarháskóla og lauk þaðan Fil. Kand.-prófi 1980 og doktorsprófi í félagsfræði 1996. Helstu rannsóknarsvið eru félagslegir áhrifaþættir heilsu og heilbrigðis, félagsleg dreifing heilbrigðis (e. *social distribution of health*), félagsleg lagskipting, félagsleg mismunun og þjóðfélagsstéttir.